

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Efni: Umsögn SUNN, samtaka um náttúruvernd á Norðurlandi, um tillögu Landsnets að matsáætlun um Blöndulínu 3.

Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi hafa kynnt sér tillögu Landsnets að matsáætlun um Blöndulínu 3 og gera eftirfarandi athugasemdir við hana.

1. Öxnadalur og Hörgárdalur – hátt náttúruverndargildi

Í fyrsta lagi telja samtökin þann valkost að hafa eingöngu 3-7 km af jarðstreng á línuleiðinni ekki ásættanlegan, sérstaklega með tilliti til einstaks náttúrufars í Öxnadal og Hörgárdal. Á valkosti um línuleið í Öxnadal eru bæði Hraunshraun og Hólahólar sem eru á náttúruminjaskrá og lægi leiðin einnig í næsta nágrenni við friðlýstan fólkvang, Hraun í Öxnadal og loftlína væri mjög sjáanleg þaðan.

Eftirfarandi texti er úr tillögu Náttúrugripasafnsins á Akureyri um Öxnadals- og Hörgárdalsfriðland frá 1984:

“Þessi berghlaupssamfella er eflaust einhver sú merkasta sem til er hér á landi hvort sem litið er á hana frá jarðfræðilegu sjónarmiði eða landfræðilegu, og fegurð og fjölbreytni þessa landssvæðis jafnast fyllilega á við ýmis af þeim svæðum sem almennt eru rómuð og vinsæl til náttúruskoðunar, svo sem Þjóðgarðinn í Skaftafelli eða Jökulsárgljúfur. Er því eðlilegt að unnið verði að verndun þeirra á samsvarandi hátt, t.d. með stofnun friðlands, skv. náttúruverndarlögum.”

(sjá meðfylgjandi)

Annar valkostur er línuleið um Hörgárdalsheiði sem ekki hefur verið greind m.t.t. náttúruvár, öryggis eða víðerna svo ekki er víst að sá valkostur reynist raunhæfur þegar upp er staðið. Stjórn samtakanna fær ekki séð hvernig verður unnt að fara um svo dýrmætt svæði m.t.t. til náttúruverndar með þeim hætti sem tillaga leggur til með leið um Öxnadal.

2. Ásýnd lands og náttúru upplifun

Í öðru lagi telja samtökin að með lagningu 220 kV háspennulínu með háum möstrum og stórum mastrastæðum á þessari línuleið, sem og öðrum, breytist ásýnd lands mikið og mun það hafa ótvíræð áhrif á upplifun ferðamanna, innlendra sem erlendra, um ókomna áratugi.

Samtökin furða sig á því að valkostur um jafnstraumsstreng í jörðu sé ekki tekinn til mats í tillögu Landsnets að matsáætlun. Það verður að taka fyrir alla tæknilega mögulega valkosti svo almenningur hafi þess kost að taka afstöðu, óháð kostnaði, um umhverfissvænustu lausn að hverju sinni.

Það eru hagsmunir þjóðarinnar að tryggja gæði upplifunar af landinu fyrir núverandi og komandi kynslóðir og að þeim sé ekki fórnað fyrir hagsmuni stóriðju sem er langstærsti notandi þeirrar raforku sem framleidd er á Íslandi og aukin flutningsgeta þjónar væntanlega. Orkufrekan iðnað ætti að staðsetja í nálægð við virkjanir ef ekki er hægt að auka flutningsgetu um landið með ásættanlegum hætti fyrir náttúru landsins og upplifun af henni. Kostnaður ætti ekki að vera sú breyta sem ræður för. Tæknin er til staðar og henni fleygir fram, Íslendingar eiga skilið að farið sé ofan í kjölinn á því hvernig nýta megi nýjustu og bestu tækni til að standa að framkvæmdum af þeirri stærðargráðu sem um ræðir.

3. Stefna Hörgársveitar og vilji landeigenda

Í aðalskipulagi Hörgársveitar er skýr stefna um jarðstrengi og hefur Blöndulína 3 (sem loftlína) hreinlega verið tekin þar út. Sveitarfélagið er leyfisveitandi framkvæmdarinnar og samtökin velta fyrir sér hvernig samskiptum verður háttað milli Landsnets og sveitarfélagsins þegar krafa um jarðstreng hefur verið svo skýrt framsett af hálfu leyfisveitenda en er vart tekin til greina í tillögu Landsnets að matsáætlun Miðað við forsögu málsins sætir furðu að ekki sé meira tillit tekið til vilja heimamanna hvað málið varðar.

Landeigendur í Hörgársveit hafa undirbúið athugasemdir um tillögu Landsnets matsáætlun fyrir Blöndulínu 3 þar sem eru færð skýr rök fyrir því að jarðstrengur sé tekinn fyrir sem raunhæfur valkostur í matsáætlun. Stjórn SUNN tekur undir þær athugasemdir og fær ekki séð hvernig lögmæti umhverfismats fái staðist sé það ekki gert.

Valkostur um línuleið gegnum Öxnadal liggur ekki eingöngu um jarðir heimamanna heldur um náttúrufarslega einstök svæði sem njóta verndar skv. lögum.

4. Fyrirkomulag samráðs

Um leið og stjórn samtakanna þakkar fyrir boð um þátttöku í verkefnaráði Landsnets um Blöndulínu 3 síðastliðinn vetur viljum við benda á að raunverulegt samráð verður að eiga sér stað á hlutlausum vettvangi s.s. í lögbundnu ferli Skipulagsstofnunar í mati á umhverfisáhrifum.

Að setja umsagnarfrést á 242 bls. tillögu að matsáætlun á miðjum sumarleyfistíma gerir bæði almenningi og samtökum sem gæta almannahagsmuna, og byggja að mestu leyti á sjálfböðavinnu, mjög erfitt um vik að taka þátt í því samráði.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd stjórnar SUNN
Sævar Þór Halldórsson, varaformaður